

STARFSSKÝRSLA ÁGÜSTS ÁRNASONAR
HJÁ SKÓGRÆKT RÍKISINS
HVAMMI ÁRÍÐ 1978

STARFSKYRSLA

Frá áramótum og fram til 9. maí starfaði ég á Skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík. Í Skorradal fór ég öðru hvoru til eftirlits, en flutti í Hvamm um 9. maí. Síðastliðið haust bjó ég mig svo til vetursetu í fyrsta sinn í Hvammi þar, sem von var til að ég fengi íbúð fyrir fjölskylduna um miðjan nóvember.

1. Veðurfar

Janúar var fremur kaldur og nokkuð snjóþungur en ekki mjög umhleypingasamur.

Fyrrihluta febrúar var hlýrra í veðri og um miðjan mánuðinn var fremur hæg kæla en seinnihluta mánaðarins var miklu kaldara og febrúar endaði með hörku byl þann 28.

Frost hélst fyrstu viku mars en eftir það gerði þíðu-
kafla, sem hélst fram til 19. mars en þá fór að snjóa og
síðastahluta mánaðarins var köld norðanátt ríkjandi.

Í byrjun apríl hlýnaði í veðri og fór að votta fyrir
að nældi í varpa. Um þann 12. voru reklar á norska elrinu
að byrja að springa út og losna fór um ísinn á Skorradals-
vatni. Svo kólnaði í bili en um 23. fer aftur að hlýna og
um 26. er greinilegt að lerki og reyniviður eru að byrja
að lifna og aprílmánuður var einn af fáum mánuðum ársins,
sem var hlýrri en í meðal ári.

Um 6. maí gerði mikið rok en tíðarfar var fremur gott
fram yfir miðjan maí. Eftir þetta gerði sliddur í nokkra
daga og um miðjan maí rigndi mjög mikið og fremur var svalt
fram til 25. en þá hlýnaði heldur í bili en maí var fremur
úrkomusamur og svalur.

Júní var með fádæmun kaldur en hlýjustu dagarnir voru
um miðjan mánuðinn en svo mjög svalt upp úr 20.

Júlí byrjaði með fremur svalri og þokufullri norðan-
átt en létti svo til og hlýnaði en norðanáttin var nokkuð
ríkjandi í mánuðinum, sem var fremur þurr en þó nokkuð oft
með eftirmiðdagsskúrum.

Ágúst var vætusamari og sérstaklega fyrrihlutinn en
sprettutíð var góð.

September var þurrari og meira um austan átt fram undir
þann 20. en þá varð meira um úrkomu. Fyrsta næturfrostið
sem vart var við í Hvammi var 27. sept. en fram að þeim
tíma sá ekki á kartöflugrasi.

Október var fremur góðviðrasamur og úrkoma var lítil svo grunnvatn stóð mjög látt fram að 26. okt. en þá gerði mikla rigningu. Ekkert frost kom í jörðu í mánuðinum.

Nóvember var umhleypingasamur og ekki snjóaði verulega fyrir en um þann 20. en þá gerði um 30 cm snjó. Færð varð mjög slæm í skóginum því næstu daga bætti enn við snjóinn. Þann 26 kólnaði með um 11^o frosti en þann 28. hlýnaði og snjó tók að mestu upp fyrir mánaðarmót.

Desember var með eindæmum góðviðrasamur fram undir jól en þá fór heldur kólnandi og á gamlaársdag snjóaði mjög mikið.

2. Vöxtur og þrif.

Trjágróður kom fremur vel undan vetri. Aðeins bar þó á rauðu barri vegna veðrunar. Helst var þetta áberandi á Stafafuru á veðrasamari stöðum í Hvammshlíðinn.

Veðrunarskemmdir voru á sitkagreni í gróðursetningum frá fyrra ári í Hvammshlíðinni. Þessar plöntur höfðu vaxið óvenju vel strax frá gróðursetningu en í vetur kól af þeim meira en síðasti árssproti þar sem þær voru ekki undir snjó.

Lerkið var orðið grænt um 12. maí og þá var birkið að byrja að lifna en gat ekki talist laufgað fyrir en um 5. júní.

Framan af sumri var vöxtur hægur vegna svalviðris en úr þessu réttist þegar hlýna tók í júlí og telja má að vöxtur eftir sumarið hafi verið nokkuð góður hjá flestum tegundum.

Mér hefur oft dottið í hug að meta sprettutið eftir uppskeru á kartöflum en þess má geta að kartöflur spruttu bertur en í meðalári.

Telja má að skóglendin hafi litið vel út í haust. Dálítið ber þó á skemmdum í íslenska birkinu þar sem birkimaðkur hefur verið mestur á undanförnum árum. Minna var um birki-
maðk í ár heldur en á undanförnum árum, sem hafa verið slæm maðkáró.

Furuskjaldlúsinn var svipuð og á undanförnum árum en er þó heldur að dreifast út í stafafurúnni.

Skaðar eftir lús á greni var ekki merkjanlegur.

Birkið byrjaði að skipta yfir í haustliti um 12. sept. en lauf féll ekki af herra birkinu fyr en eftir 7. okt.

3. Starfsfólk.

Á launaskrá komu 15 manns en yfir sumarið voru að jafnaði 10 starfandi. Mánaðarlegar greiðslur launa með launatengdum gjöldum voru samkvæmt útskrift frá ríkisfóhirði, sem hér segir:

| | | |
|-----------|-----|---------------------|
| Janúar | kr. | 204.914.- |
| Febrúar | - | 274.891.- |
| Mars | - | 285.792.- |
| Apríl | - | 282.178.- |
| Maj | - | 302.780.- |
| Júní | - | 1.576.966.- |
| Júlí | - | 2.183.880.- |
| Agúst | - | 2.472.065.- |
| September | - | 2.056.833.- |
| Október | - | 1.843.831.- |
| Nóvember | - | 1.369.448.- |
| Desember | - | 2.409.645.- |
| Samtals | - | <u>15.263.223.-</u> |

Þetta skiptist eftir kostnaðarliðum þannig:

| | | |
|---------------------|-----|--------------|
| Stjórnun | kr. | 4.340.084.- |
| Viðh. girðinga | - | 389.445.- |
| Viðlegustörf | - | 219.332.- |
| Gróðursetning | - | 1.560.467.- |
| Umh. nýskóga | - | 974.429.- |
| Skógarhögg | - | 712.707.- |
| Rekstur Matarfélags | - | 2.199.132.- |
| Starfsmannahús | - | 2.121.131.- |
| Nýjar girðingar | - | 133.675.- |
| Umhirða birkiskóga | - | 85.140.- |
| Umsjón, smölun | - | 437.699.- |
| Ymiss kostnaður | - | 851.849.- |
| Jólatré | - | 1.238.133.- |
| | | <hr/> |
| Samtals | - | 15.263.223.- |

Til skýringa má geta þess að ýmiss kostnaður er vinna við leiguhús Skorradalshrepps, sem hreppurinn greiddi um áramót.

4. Girðingar.

Byrjað var á Sarps-og Efstabæjargirðingu, stungnar út línur og steiptir niður 5 hornstaurar fyrir sunnan Fitjaá. Þetta verk komst skemmra á veg en áætlað var en annir við önnur verkefni urðu þess valdandi að ekki miðaði lengra í þessari girðingu.

Viðhald girðinga var með svipuðum hætti og á undanförunum árum nema að nú þéttist við viðhald á girðingu í Húsafelli. Húsafellsgirðing reyndist ótrúlega léleg og ekki tókst að ljúka þörfum endurbótum.

5 Gróðursetning.

Gróðursetning dreifðist á lengri tíma en nokkur tíma áður. Hún hófst fremur seint bæði vegna þess að plöntur komu seint úr gróðrarstöðvunum og svo tók upptaka hneusplantna til sölu mikinn tíma þegar vorvinna hófst.

Byrjað var að gróðursetja 23. maí og síðast var unnið að gróðursetningu 23. okt.

Þann 17. maí var unnið að gróðursetningu á nokkrum hundruðum af alaskalúpínu á Stóru-Drageyri.

Skógarmenn K F U M gróðursettu 2000 plöntur af sitkagreni Cordova 2/2 í Vatnaskógi, Svínadal.

Lyonsfélagar á sveðismóti Lyons á Hvanneyri komu í Selsskóg og gróðursettu 230 plöntur af Stafafuru.

Um 60 nemendur bændaskólans á Hvanneyri komu og gróðursettu á kynningardegum um skógrækt, 600 stafafurur í Hvammi þann 3. október.

Alls voru gróðursettar 46.510 plöntur en það er mun minna en áætlað var. Plönturnar sliptast eftir tegundum, sem hér segir:

| | |
|-------------|---------------|
| Sitkagreni | 6.825 |
| Rauðgreni | 2.555 |
| Blágreni | 2.260 |
| Hvítgreni | 10.070 |
| Stafafura | 19.200 |
| Fjallapínur | 1.500 |
| Lerki | 4.000 |
| Birki B. v. | 100 |
| Samtals | <u>46.510</u> |

Tafla yfir gróðursetningar:

| Stálpastaðir: Tegund | Kvæmi | Aldur | Tala | Reitur | Plantað dag. |
|-------------------------|-----------|-------|--------------------|-----------|----------------|
| Sitkagreni | Cordova | 2/2 | 1.195 | R 0.10.1 | 23/5-25/5 |
| Sitkagreni | Cordova | 2/2 | 2.145 | R 0.10.3 | 25/5. |
| Sitkagreni | Cordova | 2/2 | 835 | R 11.11.1 | 26/5. |
| Sitkagreni | Cordova | 2/2 | 300 | R 2.11.1 | 7/6. |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 2.720 ^v | R 3 7 2 | 9 - 14/6. |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 575 ^v | R 3 7 1 | 15/6. |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 475 ^v | R 2 7 1 | 16/6. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | 100 ^v | R 3 2 3 | 22/6. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | 325 ^v | R 3 2 1 | 22/6. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | 550 ^v | R 2 2 5 | 21/6. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | 600 ^v | R 2 2 4 | 12/6. |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 300 ^v | R 2 5 3 | 4/9. |
| Blágreni | Highw.S. | 1/3 | 2.040 ^v | R 3 2 1 | 20 - 22/6. |
| Blágreni | Highw. S. | 1/3 | 220 ^v | R 2 2 4 | 22/6. |
| Birki B.v. | Kittila | | 100 ^v | R 1.11.11 | 19/6. |
| Hvammur: | | | | | |
| Rauðgreni | Hemnes | 2/3 | 1.080 ^v | R 6 2 1 | 7 - 8/6. |
| Rauðgreni | Rings | 2/4 | 525 ^v | R 6 2 1 | 19/6. |
| Rauðgreni | Leirfjord | 2/4 | 950 ^v | R 6 2 2 | 20/6. |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 600 ^v | R 5 1 7 | 3/10. |
| Stóra-Drageyri: | | | | | |
| Lerki | Altai | | 4.000 ^v | R 2 4 5 | 12 - 13/6. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | 3.350 ^v | R 3 3 1 | 22 - 28/6. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | 4.575 ^v | R 3 2 1 | 26 - 29/6. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | 800 ^v | R 2 1 6 | 30/6. |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 3.700 ^v | R 2 1 5 | 28/9. - 23/10. |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 300 ^v | R 4 1 1 | 7/7. |
| Hvítgreni | Kenai | 2/3 | 2.070 ^v | R 3 3 1 | 22 - 28/6. |
| Hvítgreni | M. Pass | 2/4 | 3.000 ^v | R 3 2 1 | 26 - 29/6. |
| Hvítgreni | M. Pass | 2/4 | 3.000 ^v | R 2 1 6 | 30/6.-5/7. |
| Hvítgreni | M. Pass | 2/4 | 2.000 ^v | R 2 1 5 | 5 - 7/7. |
| Fjallabíur | Skagway | 2/3 | 1.500 ^v | R 2 1 5 | 13 - 20/9. |
| Sitkagreni | Homer | 2/2 | 2.350 ^v | R 4 1 1 | 5 - 7/7. |
| Selsskógur: | | | | | |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | 230 | R 10 3 1 | 10/6. |

Gróðursetningar skiptast eftir girðingum, sem hér

segir:

| | |
|----------------|---------------------|
| Hvammur | 3.155 ^v |
| Stálpastaðir | 12.480 ^v |
| Stóra-Drageyri | 30.645 |
| Selsskógur | 230 ^v |
| Samtals | 46.510 |

6. Hirðing.

Mest var unnið að grisjun frá barrplöntum í Hvammi og grisjað frá plöntum á u. þ. b. 8 ha. Á Stálpastöðum var grisjað frá á um þrem ha.

Dreift var 20 þokum af tilbúnum áburði á rauðgreni þar sem helst var þörf svo grisja mætti út jólatré.

Höggnað voru um 1300 m langar brautir í skóglendinu á Stóru-Drageyri.

Dálitlu af grasfræi og tilbúnum áburði var dreift í flögin eftir lagningu vatnsleiðslunnar og við vatnsbólið í Hvammi. Þarna var líka dreift áburði og grasfræi í mela í nágreninu. Einnig var dreift grasfræi og áburði á nokkra bletti á dráttarvélarbrautunum til að hamla gegn vatnsrofi.

7. Vegagerð.

Aðeins var unnið að viðhaldi og dálitlum endurbótum á dráttarvélarbrautunum um skóginn en engar nýlagnir voru gerðar.

8. Byggingar.

Byggingar voru viðamikið verkefni á árinu. Haldið var áfram við byggingu starfsmannahúsins í Hvammi. Settar voru allar útihurðir í húsið og flestar innihurðir. Sett var upp eldhúsinnrétting í eldhús fyrir mötuneytið. Dúkar voru lagðir á flest gólf og teppi á hluta af stofu. Glerullareinangrun var

sett í loft á hæð. Sett voru upp tvö vatnssalerni með handlaugum. Sólbekkir látnir í glugga og tvær sturtur settar upp. Húsið var bæði málað úti og inni. Að hluta var innimálning bara grunnmálun. Gengið var frá tréskilrúnum við stofu og gang á hæð.

Lögð var skolplögn frá húsinu um 70 m löng og drenlögn um 115 m löng. Skolplögnin var tengd við þrískipta rotþró, sem sett var upp. Rotþróin er þriggja metra djúp úr brunnrörum, sem eru 1 m í þvermál, öll neðanjarðar.

Það má telja það mikinn áfanga þegar búið er að ganga frá á staðnum vandaðri vatnsveitu og skolplögn.

Leiguhús Skorradalshrepps, sem byggt var á árinu í Hvammi var tengt við báðar þessar lagnir.

9. Vélar og verkfæri.

Keypt var ein keðjusög af Mc Culloch gerð. Í vor var keypt notuð mál stór frystikista fyrir mótuneytið.

10. Ýmislegt.

Árið 1978 var að mörgu leyti viðburðarríkt og sérstætt fyrir skógrækt í Borgarfyrði.

Telja má það sögulegan áfanga þegar mögulegt var að flytja inn í nýja starfsmannahúsið í Hvammi. Það var 15. júní sem flutt var úr vagninum, sem hér var notaður sem eldhús og inn í eldhús í starfsmannahúsinu. Það gerir þetta sögulegri áfanga þegar á það er litið að starfsmannahúsið

er uppbyggt fyrir heimatekjur af sölu skógarafurða.

Á árinu réðst Skorradalshreppur í að byggja íbúðarhús í Hvammi, sem etlað er sem leiguíbúð fyrir skógarvörð. Áætlað var að húsið yrði tilbúið til íbúðar 15. nóv.. en sú áætlun stóðst ekki en byggingu húsins var nokkuð langt á veg komið um áramót.

Þar sem von var á íbúð þá varð það að ráði að ég og fjölskyldan tókum okkur vetursetu í Hvammi í fyrsta sinn.

Töluvert var um ferðamannahópa, sem komu að skoða skógræktina. Það er skemmtilegt að sýna þessum hópum þann árangur sem náðst hefur í skógrækt í Skorradal. Aðkomufólk getur þó stundum valdið vandræðum til dæmis var það í apríl síðastl. að kveikt var í skóglendi við sumarbústaðalönd í landi Fitja. Þarna brunnu nokkrir ha af birkiskógi. Ótrúlega mikið af birkinu lifnaði þó í sumar.

Þann 10. júní kom Magnús B. Jónsson skólastjóri á bændaskólanum á Hvanneyri og afhenti Skógrækt ríkisins kr. 150.000.- sem gjöf frá gömlum nemendum Halldórs Vilhjálms-sonar frv. skólastjóra. Við Magnús urðum sammála um að best væri að verja þessum peningum til að laga göngubrautir í Halldórslundi á Stálpastöðum. Nokkuð var byrjað á þessu verki en ekki nærri lokið við það.

Seldar voru 412 hnausplöntur á síðastliðnu vori fyrir kr. 2.152.860.- Hnausplönturnar skiptast eftir tegundum sem hér segir:

| | |
|------------|-------|
| Sitkagreni | 181 |
| Hvítgreni | 30 |
| Rauðgreni | 12 |
| Fura | 131 |
| Lerji | 58 |
| | <hr/> |
| Samtals | 412 |

Auk þessa voru teknar upp hnausplöntur, sem sendar voru á Landbúnaðarsýningu á Selfossi.

Seld voru fyrir jólin samtals 4.685 jólatré og 1.620 kg af furugreinum fyrir samtals kr. 21.945.620.-

Jólatrén skiptast eftir tegundum, sem hér segir:

| | |
|------------|------------|
| Rauðgreni | 3.836 |
| Sitkagreni | 48 |
| Stafafura | <u>801</u> |
| Samtals | 4.685 |

Hvammi í mars 1979

Agust Arnason